

Almenn stefna um réttindagreiðslur til rétthafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar

Fjölís innheimtir endurgjald fyrir samningsbundna afritun/eintakagerð og dreifingu höfundaréttarvarins efnis sem unnt er að ljósrita, skanna eða með öðrum hætti gera hliðstæða eftirgerð skv. leyfissamningum. Innheimta fer fram án tafar þegar kröfur falla í gjalddaga og úthlutar Fjölís þeim til rétthafa í hlutfalli skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um, eigi síðar en sex mánuðum frá móttöku þeirra nema hlutlægar ástæður komi í veg fyrir það. Aðildarfélög skulu þá upplýst um þær ástæður og framvindu fyrirhugaðrar úthlutunar.

Með úthlutun til aðildarfélaga skulu veittar upplýsingar um heildartekjur af viðkomandi tegund samninga, samningstímabili, fjárhæðir frádráttar vegna umsýslukostaðar og eftir atvikum vegna annarra frádrátta auk heildarfjárhæða sem greiddar eru hverju félagi rétthafa við hverja úthlutun.

Fjölís heldur eftir 12% af heildartekjum hvernar tegundar samninga til að standa straum af launakostnaði starfsmanna og stjórnarmanna, rekstri skrifstofu, heimasíðu og gerð kynningarefnis auk fundahalda skv. fjárhagsáætlun. Þá skal gætt að ákvæðum samþykktu sem varða kröfur um varasjóð Fjölís. Framkvæmdastjóra er heimilt að gera tillögur til stjórnar að breytingum á ofangreindri prósentu, ef aðstæður leyfa/krefjast. Þegar fyrir liggur hver rekstrarkostnaður ársins er, er umframfjármunum úthlutað til aðildarfélaga

Fjölís rekur enga menningar-, náms- eða félagslega þjónustu sem krefst frekari frádráttar frá tekjum en hefðbundins rekstrarkostnaðar.

Fjölís heldur ekki eftir neinum tekjum enda rekstur félagsins ekki hagnaðardrífinn. Ekki er því þörf á fjárfestinga- eða áhættustýringarstefnu um meðferð fjármuna.